

FUNDARBOÐ

**258. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn Hjálmaklettur, fimmtudaginn 14. nóvember 2024 og hefst
kl. 16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

- 1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**
Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra
- 2. 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025**
Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 ásamt tillögu að fjárheimildum fyrir árin 2026 til 2028 var lögð fram til fyrri umræðu.
- 3. 2310004 - Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga**
Stefna Borgarbyggðar um þjónustu og þjónustustig í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a sveitarstjórnarlaga nr.138/2011, fyrir árin 2025-2028 lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn.
- 4. 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024**
Lagður fram viðauki nr 6 við fjárhagsáætlun 2024.
- 5. 2408150 - Útboð vegna váttrygginga**
Lagður fram samningur við Váttryggingafélag Íslands sem gildir frá 01.01.2025 til 31.12.2027.
- 6. 2409292 - Stofnun lögbýlis á jörðinni Vindás L233-5672**
Afgreiðsla 68. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: Umsóknin er í samræmi við staðfest aðalskipulag og uppfyllir skilyrði 18. gr. Jarðalaga nr. 81/2004. Umhverfis- og landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis en telur æskilegt að föst búseta fylgi stofnun lögbýlis. Nefndin veitir jákvæða umsögn um umsóknina og leggur þá ákvörðun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.
- 7. 2410034 - Holtavörðuheidalína 1_Kynning umhverfismatsskýrslu (mat á umhverfisáhrifum)**
Afgreiðsla 70. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheidalínu 1 og vísar til

endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

8. 2410060 - Efra-Nes - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - L134858

Afgreiðsla 70. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu til auglýsingar fyrir Efra-Nes skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt samhljóða."

9. 2410094 - Brekkukot - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - L134386

Afgreiðsla 70. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu til auglýsingar fyrir Brekkukot (Inn. 134386) skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin fjallar um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem og nýtt deiliskipulagi fyrir sama skipulagssvæði. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á landnotkun á 20 ha spildu úr landi Brekkukots (Landnr. L134386) frá landbúnaðarlandi yfir í íbúðarbyggð. Breyting verður gerð á greinagerð aðalskipulags og á uppdrætti. Á svæðinu hefur landeigandi uppi áform um að útbúa 6 lóðir fyrir íbúðarhús, til viðbótar við eitt íbúðarhús sem er til staðar á svæðinu nú þegar, Brekkuhvamm (Landnr. L178781). Aðkoma að svæðinu er frá Borgarfjarðarbraut (50). Hönnuður er á lista Skipulagsstofnunar um samþykktá ráðgjafa. Einnig er lögð fram fornleifaskráning fyrir Brekkukot frá árinu 2024. Samþykkt samhljóða."

10. 2410273 - Húnabyggð_Aðalskipulag Húnabyggðar 2025-2037

Afgreiðsla 70. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu Aðalskipulags Húnabyggðar 2025-2037 og vísar til endanlegrar afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

11. 2102007 - Umsókn um grænt svæði í fóstur

Afgreiðsla 70. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: 2102007 - Umsókn um grænt svæði í fóstur

Lagður er fram samningur um grænt svæði í fóstur sem var tekin fyrir á 24.fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar og samþykktur á 215.fundi sveitarstjórnar. Samningur endurnýjaðist sjálfkrafa um eitt ár þann 1.maí 2024 en er uppsegjanlegur með 3 mánaða fyrirvara.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja uppsögn á samning við Drop Inn ehf. sem tekur til græns svæðis í fósturs, á þeim grundvelli að í gildi er deiliskipulag sem nær yfir samningssvæðið með fyrirhugaðri uppbyggingu sem þjónar Grunnskóla Borgarfjarðar og almenning.

Samþykkt samhljóða.

12. 2209240 - Snjómokstur í dreifbýli - verðfyrirspurn

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 685: "Afgreiðsla 68. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til að framlengdir verði samningar á grundvelli verðfyrirspurnar við verktaka vegna snjómoksturs í dreifbýli um eitt ár.

Verktakarnir á hverju svæði fyrir sig:

Andakill, Bæjarsveit og Lundarreykjadalur:

Verktaki: Tryggvi Valur Sæmundsson s.869-2900 netfang: halstak@halstak.is
Hálsasveit, Reykholtisdalur og Flókadalur:
Verktaki: Einar S. Traustason s. 892-3606, netf. sigrun@heilsuhof.is
Hvítársíða, Þverárhlið, Stafholtstungur, Norðurárdalur, Borgarhreppur með Þjóðvegi 1
að Borgarnesi:
Verktaki: Sleggjulækur ehf. s. 894-9549, netf. kaldolfur@vesturland.is
Fyrrum Borgarhreppur vestan Borgarness og fyrrum Álftaneshreppur:
Verktaki: Hálfán Helgason s. 894-1187
Fyrrum Hraunhreppur:
Verktaki: Gísli Guðjónsson s. 894-0440 netf. gislígudjons68@gmail.com
Fyrrum Kolbeinsstaðahreppur:
Verktaki: Gestur Úlfarsson s. 893-6735 netf. kaldarb@simnet.is
Málinu er vísað til byggðarráðs.
Samþykkt samhljóða.

Byggðarráð samþykkir samhljóða afgreiðslu umhverfis- og landbúnaðarnefndar og vísar til sveitarstjórnar."

13. 2408027 - Snjómokstur í Borgarnesi - Útboð 2024

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 685: " Framlagður verksamningur við Beton Technology Servicecs um snjómokstur í Borgarnesi 2024-2026.

Byggðarráð samþykkir framlagðan verksamning og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.
Samþykkt samhljóða."

14. 2401273 - Útboð á akstursþjónustu

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 686: "Framlögð skýrsla um niðurstöðu útboðs á akstursþjónustu fyrir fatlaða og aldraða frá Consensa, sem er ráðgjafi sveitarfélagsins, en útboðsfrestur rann út 18. október sl.

Framlagt og bærust tvö tilboð. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Dagleið ehf., að öllum skilyrðum uppfylltum, með fyrirvara um fullnaðarsamþykki sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Erla Björg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri, Elísabet Jónsdóttir deildarstjóri í fötlunarmálum og Hlöðver Ingi Gunnarsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs sátu fundinn undir þessum dagskrárlið."

15. 2406059 - Sorpútboð 2024

Afgreiðsla frá 688. fundi byggðarráðs: "Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlögð útboðsgögn og leggur til við sveitarstjórn að fram fari útboð á grundvelli þeirra.
Samþykkt samhljóða."

16. 2003153 - Snældubeinsstaðir - íbúabyggð

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 686: "Framlögð drög að samkomulagi við landeigendur Snældubeinsstaða um áframhaldandi leigu á spildu á landinu undir íbúabyggð sbr. afgreiðslu á fundi byggðarráðs nr. 671. Jafnframt lagður fram nýr lóðarleigusamningur og uppfærð lóðablöð.

Framlagt samkomulag við eigendur Snældubeinsstaða um uppgjör á lóðarleigusamningi frá árinu 1979 sem bæði var ótímabundinn og óuppsegjanlegur og óhagstæður sveitarfélaginu samanborið við nútíma ákvæði lóðarleigusamninga. Samkomulagið felur í sér að Borgarbyggð felst á að greiða 6,8 m.kr. til eigenda Snældubeinsstaða sem fullnaðaruppgjör samningsins. Framlagður einnig nýr leigusamningur milli aðila sem tekur mið af nútíma ákvæðum í lóðarleigusamningum sveitarfélagsins. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að framlagt samkomulag og lóðarleigusamningur verði samþykkt og felur sveitarstjóra að gera viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2024 vegna samkomulagsins. Samþykkt samhljóða."

17. 2410141 - Styrkbeiðni vegna fjórðungsmóts í hestaíþróttum 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 686: " Framlögð styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Borgfirðingi vegna fjórðungsmóts vestlenskra hestamanna sem fram fer á félagssvæði Borgfirðings 2. - 6. júlí 2025.

Byggðarráð samþykkir framlagða styrkbeiðni að fjárhæð 6,0 m.kr. Stórir íþrótt- og menningarviðburðir laða gesti í sveitarfélagið og stuðla að beinum tekjum til atvinnulífs og íbúa og óbeinum tekjum til sveitarfélagsins. Stuðningur sveitarfélagsins getur skipt sköpum til að skapa umgjörð fyrir slíka viðburði sem annars eru bornir uppi af öflugu sjálfbóðalíðastarfi. Þeir styrkja mannlíf og ímynd samfélagsins í Borgarbyggð. Á yfirstandandi ári hefur Borgarbyggð aukið styrkveitingar til íþrótt- og menningarviðburða sbr. framlag til Unglingalandsmóts UMFÍ, aukinna framlaga til bæjarhátíða og rekstrarframlags til Golfklúbbs Borgarness. Eins og önnur framlög taka framlög til íþrótt- og menningarviðburða mið af fjárhagsstöðu og horfum hverju sinni. Vísað til viðauka í fjárhagsáætlun 2024. Samþykkt samhljóða."

18. 2410255 - Alþingiskosningar 2024 - skipan í kjörstjórnir

Afgreiðsla frá fundi byggðaráðs nr. 687: "Vegna forfalla þarf að tilnefna varamenn í tvær undirkjörstjórnir, undirkjörstjórn Borgarneskjördeildar og undirkjörstjórn Kleppjárnsreykjördeildar vegna Alþingiskosninga 2024.

Byggðarráð samþykkir að tilnefna Guðlaugu Dröfn Gunnarsdóttur sem varamann í undirkjörstjórn Borgarnesdeildar og Guðrúnu Maríu Björnsdóttur sem varamann í undirkjörstjórn Kleppjárnsreykjadeildar. Samþykkt samhljóða."

19. 2409326 - Fjölskyldunefnd Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá 688. fundi byggðarráðs: "Framlagt, sveitarstjóra falið að ljúka vinnu við uppfærslu á samþykktum sveitarfélagsins sem m.a. munu fela í sér sameiningu velferðarnefndar og fræðslunefndar í fjölskyldunefnd. Samþykkt samhljóða og vísað til sveitarstjórnar."

20. 2112004 - Hitaveita Varmalands

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 688: "Farið yfir þróun og stöðu máls. Lögð fram drög að gjaldskrá fyrir hitaveituna.

Byggðarráð samþykkir framlögð drög að gjaldskrá og vísar til sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

21. 2406016 - Uppbygging nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr 688: "Beiðni frá stjórn Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar um vilyrði fyrir því að hafin verði vinna við stofnun húsnæðissjálfségnarstofnunar utan um starfsemi Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar.

Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti að Borgarbyggð veiti vilyrði fyrir því að hafin verði vinna við stofnun húsnæðissjálfségnarstofnunar utan um starfsemi Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar.

Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar."

22. 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif

Afgreiðsla frá 688. fundi byggðarráðs: "Skýrsla framlögð og byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga til samninga á grundvelli niðurstöðu tilboða að öllum skilyrðum uppfylltum. Samþykkt samhljóða."

Framlagður samningur við lægstbjóðanda Verkís hf. um gerð útboðsgagna vegna fyrirhugaðs niðurrifs og ráðgjafar á framkvæmdatíma.

23. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Óskað hefur verið eftir breytingu á aðalmanni í umhverfis- og landbúnaðarnefnd. Að Þórður Brynjarsson fái lausn frá störfum sínum fyrir nefndina og í hans stað verði skipaður xxxxxxm sem aðalmaður í umhverfis- og landbúnaðarnefnd.

24. 2409322 - UMSB - samstarfssamningur

Málinu var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar og er nú tekið aftur fyrir til afgreiðslu.

Afgreiðsla fundar fræðslunefndar nr. 236: "Sviðsstjóri fjölskyldusviðs leggur fram minnisblað um samstarfssamning Borgarbyggðar og UMSB.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs leggur fram minnisblað.

Fræðslunefnd leggur til að núverandi samningi við UMSB verði sagt upp.

Uppsagnarfrestur er sex mánuðir á samningnum. Samhliða því verði tekið upp samtal við íþróttahreyfinguna um framtíðarfyrirkomulag. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs er falið að upplýsa stjórn UMSB um þessa ákvörðun.

Málinu er vísað til sveitarstjórnar til samþykktar.

Samþykkt samhljóða."

Fundargerð

25. 2410014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 685

25.1 2408150 - Útboð vegna váttrygginga

25.2 2410032 - Framlag til Brákarhlíðar 2025

25.3 1905134 - Áskorun um húsnæðismál

25.4 2410069 - Frístundaakstur í Borgarbyggð

25.5 2408201 - Hreinsunarátak_brotajárn 2024

25.6 2209240 - Snjósmokstur í dreifbýli - verðfyrirspurn

25.7 2409072 - Rafmagnslögn að salernisaðstöðu við Álatjörn og Litlu-Einkunnir

- 25.8 2408027 - Snjómokstur í Borgarnesi - Útboð 2024
- 25.9 2406059 - Sorpútboð 2024
- 25.10 2401273 - Útboð á akstursþjónustu

26. 2410021F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 686

- 26.1 2410048 - Safnahús og menningarmál 2025
- 26.2 2401273 - Útboð á akstursþjónustu
- 26.3 2406245 - Kjarasamningar 2024
- 26.4 2410071 - Markaðsmál Borgarbyggðar
- 26.5 2410093 - Sóknaráætlun 2025-2029
- 26.6 2003153 - Snældubeinsstaðir - íbúabyggð
- 26.7 2406004 - Holtavörðuheidiarlína 1 - umhverfismatsskýrsla
- 26.8 2410141 - Styrkbeiðni vegna fjórðungsmóts í hestaíþróttum 2025
- 26.9 2410224 - Erindi frá SSV til sveitarfélaga á Vesturlandi_mönnun HVE
- 26.10 2410095 - Leiðarkerfi landsbyggðarvagna
- 26.11 2401057 - Fundargerðir Faxaflóahafna sf. 2024
- 26.12 2403092 - Fundagerðir 2024 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

27. 2410030F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 687

- 27.1 2310004 - Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga
- 27.2 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 27.3 2410247 - Ágóðahlutagreiðsla 2024
- 27.4 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 27.5 2410259 - Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2025
- 27.6 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 27.7 2401006 - Rammasamningar 2024
- 27.8 2410271 - Lóðaúthlutun Kvíaholt 1a og 1b
- 27.9 2410255 - Alþingiskosningar 2024 - skipan í kjörstjórnir

28. 2411001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 688

- 28.1 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 28.2 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 28.3 2411003 - Tillaga um endurbætur á reiðhöllinni - anddyri
- 28.4 2406059 - Sorpútboð 2024
- 28.5 2409047 - Brákarbraut 25, gamla sláturhúsið - áætlun um niðurrif
- 28.6 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knattús
- 28.7 2112004 - Hitaveita Varmalands
- 28.8 2406016 - Uppbygging nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar
- 28.9 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 28.10 2401300 - Fundagerðir 2024 - Hafnasamband Íslands.

28.11 2409326 - Fjölskyldunefnd Borgarbyggðar

29. 2410033F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 70

- 29.1 2410034 - Holtavörðuheiðalína 1_Kynning umhverfismatsskýrslu (mat á umhverfisáhrifum)
- 29.2 2410060 - Efra-Nes - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - L134858
- 29.3 2410094 - Brekkukot - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - L134386
- 29.4 2410024 - Athafnasvæði Kárastaðaflugvallar - umsókn um framkvæmdarleyfi - 2215061001
- 29.5 2407075 - Básar 27 Svartagil _ Umsókn um deiliskipulag
- 29.6 2410273 - Húnabyggð_Aðalskipulag Húnabyggðar 2025-2037
- 29.7 2410275 - Fyrirspurn um skipulagsmál - Hvítárþakki 7
- 29.8 2410285 - Fjárhagsáætlun 2025 skip og bygg
- 29.9 2410016F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 42
- 29.10 2410023F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 43
- 29.11 2410032F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 234

30. 2409025F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 68

- 30.1 2406059 - Sorpútboð 2024
- 30.2 2409003 - Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða
- 30.3 2408201 - Hreinsunaráttak_brotajárn 2024
- 30.4 2209240 - Snjómokstur í dreifbýli - verðfyrirspurn
- 30.5 2409299 - Fjárhagsáætlunarumræða
- 30.6 2409292 - Stofnun lögbýlis á jörðinni Vindás L233-5672

31. 2410027F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 69

- 31.1 2406059 - Sorpútboð 2024
- 31.2 2408203 - Umhverfisviðurkenningar 2024

32. 2410028F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 70

- 32.1 2406059 - Sorpútboð 2024
- 32.2 2409299 - Fjárhagsáætlun 2025 - umhverfis- og landbúnaðardeild
- 32.3 2102007 - Umsókn um grænt svæði í fóstur
- 32.4 2408203 - Umhverfisviðurkenningar 2024

33. 2410005F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 153

- 33.3 2409326 - Fjölskylduráð Borgarbyggðar

34. 2411003F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 154

- 34.2 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 34.3 2411004 - Samstarfssamningur á sviði endurhæfingar

35. 2410031F - Fjallskilanevnd Þverárréttar - 73

35.1 2410216 - Fjárhagsáætlun 2025

35.2 2410217 - Girðing á Lambatungur

35.3 2410219 - Styrkur til viðhalds á vegi frá Örnólfsdal fram að Hvítsíðinga
afréttagirðingu

36. 2410029F - Fjallskilanevnd Hítardalsréttar - 39

36.1 2410245 - Fjárhagsáætlun 2025

36.2 2410246 - Málefni nefndarinnar

12.11.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs.